

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)
5. apríl 2017 Þingskjal 380 – 273. mál Umhverfisstofnun

Samband sveitarfélaga á Austurlandi tekur undir þingsályktunartillögu um fjarfundi á vegum ráðuneyta og notkun fjarfundarbúnaðar. Sveitarfélög á landsbyggðinni, sem og landshlutasamtök sveitarfélaga, þurfa oft og tíðum að reiða sig á þjónustu hins opinbera á höfuðborgarsvæðinu og með tilkomu samninga um sóknaráætlanir hefur samstarfið enn aukist. Því miður hefur það viljað brenna við að erfitt væri að fá að sitja fundi með aðstoð fjarfundabúnaðar, t.d. þegar veður hamlar för eða þegar erfitt er að réttlæta ferðakostnað fyrir klukkutíma fund. Sömuleiðis eru þess ótal dæmi að þegar hægt er að sitja fundi með aðstoð fjarfundabúnaðar, gengur það ekki nægilega vel sökum lélegs búnaðar og/eða vankunnáttu þeirra sem stýra fundi.

Góður fjarfundabúnaður hlýtur að eiga að vera hluti af staðalbúnaði ráðuneyta, Alþingis og ríkisstofnana þannig að hægt sé að bjóða íbúum út um landið að sitja fundi með slíkri nútímatækni. Í því er hagræði fyrir alla.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal, formaður stjórnar

